

Starfsáætlun Kirkjubóls skólaárið 2011-2012

Markmið í starfinu

1. Þema skólaársins verður HljómList - tengist listadögum barna og ungmenna í Garðabæ.
2. Að flétta fjölgreindunum inn í starf leikskólans, með áherslu á skráningu.
3. Að skoða starfið í leikskólanum út frá nýrri Aðalnámskrá leikskóla.
4. Að vinna áfram í skólanámsskrám, klára námskrá fyrir hvern hóp fyrir sig.
5. Að starfsfólkið leggi áherslu á virka þátttöku barnanna í starfinu og að börnin meti starfið, samkvæmt áætlun okkar í Skólastefnu 2010 – 2013.
6. Þátttaka í þróunarverkefninu Virkur vinnustaður 2011-2014.

Þema skólaársins er HljómList

Leiðir að markmiðum

Þema

Þemað sem tengist listadögum barna og ungmenna í Garðabæ, fléttast inn í allt starf leikskólans. Lögð verður áhersla á sköpun og tjáningu. Verður það gert í tónlist, dansi, söng og myndlist. Unnið verður með tónlistina úr Karnival dýranna og munu börnin ákveða hvernig og hvað þau vilja gera. Komnar eru hugmyndir sem eftir er að útfæra með börnunum:

Október: hljóðfæragerð og einnig að tengja þetta haustinu, hvernig skyldi vera hjá ljóninu á haustin?

Nóvember: tengja Karnivalið við ljós og skugga, dans og skuggaleikhús, eftir áhugasviði barnanna

Janúar: hvernig hljóðfæri voru til í gamla daga? Hvernig dönsuðu börn í gamla daga? Syngja gömul lög og vísur.

Febrúar, mars og apríl mótast af áhugasviði barnanna.

Fjölgreindir

Starfsfólk mun beina sjónum sínum að sterkum hliðum barnanna, fylgjast með þeim í leik og skrá hjá sér. Einnig verður áfram unnið að flokkun á kennsluefni út frá greindunum. Ætlunin er að hafa fjölgreindaviku í lok mars, þar sem boðið verður upp á stöðvavinnu sem tengjast greindunum. Sem dæmi munum við reyna að komast í nýja fimleikahúsið í þessari viku og tengist það hreyfigreindinni.

Ný aðalnámskrá fyrir leikskóla og Skólanámskrá Kirkjubóls

Skólanámskrá krefst stöðugar endurskoðunar og við höfum verið að endurskoða og búa til námskrá fyrir hvern aldurshóp fyrir sig. Í vor kom út ný aðalnámskrá leikskóla og fyrirhugað er að skoða hvaða viðbætur þarf að gera til að skólanámskráin okkar sé í samræmi við ákvæði aðalnámskrár.

Vinna sem tengist skólastefnu Kirkjubóls/Garðabæjar

Lögð verður áhersla á að auka sjálfræði barnanna, efla sjálfsvirðingu og sjálfs ábyrgð. Lögð verði stund á lýðræðiskennslu með virkri þátttöku allra í skólastarfi og að allir temji sér lýðræðislega siði. Börnin taki þátt í að móta reglur sem gilda t.d. í hópastarfi og hraunferðum. Að börnin meti starfið, ýmsa þætti jafnt og þétt yfir skólaárið. Meðal annars verður stuðst við námsefnið um Vini Zippý sem Lýðheilsustöð hefur umsjón með og gefur út.

Starfsfólkið læri aðferðir heimspekilegrar samræðu.

Starfsmannamál

Starfsfólk leikskólans verða þátttakandur í þróunarverkefni á vegum Virk um innleiðingu stefnu um velferð, fjarvistir og endurkomu til vinnu eftir veikindi og slys. Alls taka 30 fyrirtæki um land allt þátt í verkefninu sem nær yfir árin 2011-2014.

Önnur verkefni sem lögð verður áhersla á:

Grænfánaverkefni

Markvisst verður unnið áfram að flokka allan úrgang, endurnota, endurnýta og endurvinna til að minnka þann úrgang sem er urðaður. Til að kynnast því betur fara börn í grænu-og bláuhópum í heimsókn í Sorpu. Einnig verður áhersla á að minnka rafmagns- og vatnsnotkun með því að muna að slökkva ljós og skrúfa fyrir vatn. Elstu börnin í leikskólanum skipa umhverfisnefndina og þetta árið þurfum að vinna að því að sækja aftur um Grænfánann. Eitt verkefni verður að auka fjölbreytileikann í gróðri á leiksvæðinu og ætlum við að gróðursetja rabarabarahnausa, sólberjatré, blárefs og reynitré, ber fyrir börn og fugla.

Fræðsla til starfsmanna um athyglisbrest og ofvirkni, ADHD.

Garðabær gengst fyrir fræðslu fyrir starfsfólk leikskóla um athyglisbrest og ofvirkni eða ADHD. Á starfsmannafundi í október mun Urður Njarðvík og Þórdís Bragadóttir sálfræðingar halda fyrirlestur og síðan verða umræður. Þetta er liður í að bæta þjónustu við börn sem eru með ADHD

Foreldrasamstarf

Við viljum halda áfram öflugum samstarfi við foreldra. Höfum reglulega samveru, börnin ætla að bjóða foreldrum að borða með sér morgunmat nokkrum sinnum í vetur. Samstarf við heimilin í tengslum við ýmsar upptökur í starfinu. Upplýsingar um starfið aðgengilegar á heimasíðu, upplýsingatöflum og í fréttabréfi. Einnig er markmið okkar að gera foreldra meðvitaðri um starfið sem fram fer innan leikskólans með auknu upplýsingaflæði.

Foreldraráð og stjórn foreldrafélags hittist reglulega með leikskólastjóra.

Síðustu tvö árin höfum við skipt skólaárinu upp með eftirfarandi hætti í starfi okkar og tók það mið af námssviðunum. Í nýju aðalnámskránni falla þau út. Við munum styðjast við þessa skiptingu í vetur.

Í september, október og nóvember er náttúra og umhverfi ríkjandi svið. Unnið er með haustið og breytingarnar í náttúrunni á veðri, gróðri, fuglalífi og birtu. Leikið með ljós og skugga þegar fer að dimma.

Desember er jólamánuður og dagskráin þá nokkuð fastmótuð.

Í janúar, febrúar og fram í mars er menning og samfélag ríkjandi svið. Þá er horft um öxl og gamla tímanum gerð góð skil, þorranum, góunni og öðrum þjóðlegum hefðum.

Í mars, apríl og maí er náttúra og umhverfi ríkjandi svið. Börnin sá sumarblómum, fylgjast með náttúrunni vakna til lífsins og taka þátt í að vorhreinsun bæjarins.

Í júní, júlí og ágúst er starfið frjálssara, helgast af veðri og fjölda barna. Höldum áfram að fylgjast með náttúrunni, blómum, fuglum og ræktum grænmeti í skólagörðunum.

Tónlist, hreyfing, myndlist, málörvun, stærðfræði og lífsleikni fléttast inn í allt starf árið um kring.

Halda áfram því góða starfi sem unnið er með börnunum